

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar er taki gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 553, 2. ágúst 2000, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 5,56%.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.
Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 481

14. júní 2001

REGLUGERÐ

um brottfellingu reglugerðar nr. 735/2000 um undanþágur frá lyfjahugtakinu og hver vítamín og steinefni teljist ekki lyf (náttúruvörur og fæðubótarefni).

1. gr.

Reglugerð nr. 735/2000 um undanþágur frá lyfjahugtakinu og hver vítamín og steinefni teljist ekki lyf (náttúruvörur og fæðubótarefni) fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 2001. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 918/2000 um frestun gildistöku reglugerðar nr. 735/2000.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. júní 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 482

18. júní 2001

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðar Flataskóla við Vífilsstaðaveg í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 17. maí sl. breytingu á deiliskipulagi lóðar Flataskóla við Vífilsstaðaveg.

Í breytingunni felst að staðsettar eru tvær kennslustofur á norðvestur hluta lóðar Flataskóla. Fyrir eru þrjár lausar kennslustofur.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 18. júní 2001.

F.h. Garðabæjar,
Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi Garðabæjar.